

AKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 164/2018

2021/EES/13/42

frá 6. júlí 2018

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/229 frá 12. febrúar 2018 um að ákvarða gildi fyrir flokkun í vöktunarkerfi aðildarríkjanna á grundvelli niðurstaðna úr millikvörðun samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/480/ESB ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun (ESB) 2018/229 fellir úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/480/ESB ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 13cab (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/480/ESB) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„**32018 D 0229:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/229 frá 12. febrúar 2018 um að ákvarða gildi fyrir flokkun í vöktunarkerfi aðildarríkjanna á grundvelli niðurstaðna úr millikvörðun samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/480/ESB (Stjtið. ESB L 47, 20.2.2018, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar (ESB) 2018/229, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júlí 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júlí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 47, 20.2.2018, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 266, 8.10.2013, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.